

Landeldi hf.
Ársreikningur 2022

Landeldi hf.
Urðarhvarf 8
203 Kópavogur
Kt. 650417-1510

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðsstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið var stofnað árið 2017. Tilgangur félagsins er laxeldi á landi auk sala á laxi og tengdum afurðum.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Á árinu 2022 nam tap af rekstri félagsins 431,7 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 3.886,1 millj. kr. að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 145,0 millj. kr. Ársverk á árinu voru 26.

Hluthafar í félaginu eru 64 í árslok samanborið við 33 í upphafi árs. Tíu stærstu hluthafar félagsins í árslok voru:

	Eignarhluti
Stoðir	40,0%
Framherji ehf.	16,1%
Fylla ehf.	8,3%
21. júní ehf.	5,2%
Líra ehf.	5,0%
Investco ehf.	4,3%
Konkrít ehf.	3,0%
Reykjavík Retail ehf.	2,5%
Sleðbrjótur hf.	1,6%
Laugarfell ehf.	1,3%

Félagið er vinnur að uppbyggingu á landeldi í Þorlákshöfn ásamt því að starfsrækja fiskeldisstöð á Öxnalæk, Hveragerði. Hlutafé félagsins var aukið á árinu 2.227 millj. kr. sem var fjármagnað með handbæru fé.

Enginn arður verður greiddur til hluthafa á árinu 2023 vegna rekstarársins 2022. Stjórn félagsins vísar að öðru leiti til ársreikningsins um aðrar breytingar á eigin fé.

Félagið er að byggja upp laxeldisstöð á landi sem mun hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Gert er ráð fyrir að uppbygging taki um 5 til 6 ár og þá stefnir félagið að því að framleiða rúmlega 50.000 tonn af laxi árlega.

Reykjavík, 9.maí 2022.

Stjórn:

Forstjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Landeldis hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landeldis hf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samanburðarfjárhæðir

Við vekjum athygli á að við höfum ekki endurskoðað efnahagsreikning 31. desember 2021, rekstrarreikning og sjóðstreymi fyrir árið 2021 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 9. maí 2023

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2022

	Skýr.	2022	Óendurskoðað 2021
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta	4	4.575.550	6.452.122
Aðrar tekjur		31.520.000	74.939.701
		<u>36.095.550</u>	<u>81.391.823</u>
Rekstrargjöld			
Framleiðslukostnaður og birgðabreyting		94.642.400	0
Laun og launatengd gjöld	9	167.965.831	46.994.631
Annar rekstrarkostnaður		140.873.016	111.386.563
Afskriftir	14	187.387.998	3.809.974
		<u>590.869.245</u>	<u>162.191.168</u>
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	554.773.695)	(80.799.345)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		5.349.364	2.616.394
Vaxtagjöld	(	47.888.821)	(104.246.555)
Gengismunur		6.825.735	(741.555)
		<u>(35.713.722)</u>	<u>(102.371.716)</u>
Tap fyrir tekjuskatt	(	590.487.417)	(183.171.061)
Tekjuskattur	20	<u>158.740.964</u>	<u>0</u>
Tap ársins	18	<u>(431.746.453)</u>	<u>(183.171.061)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

			Óendurskoðað
	Skýr.	2022	2021
Rekstarfjármunir	13	2.811.691.166	330.839.106
Rekstrarfjármunir í byggingu	14	1.836.451.833	819.325.505
Skatteign	20	158.740.964	0
		<u>4.806.883.963</u>	<u>1.150.164.611</u>
Fóðurbirgðir	10	31.772.336	27.853.210
Lífmassi á kostnaðarverði	11	369.741.141	95.954.559
Viðskiptakröfur	12	316.538	5.799.450
Aðrar skammtímakröfur		378.186.146	132.132.653
Handbært fé	13	188.652.258	1.200.805.967
Veltufjármunir		<u>968.668.419</u>	<u>1.462.545.839</u>
Eignir samtals		<u><u>5.775.552.382</u></u>	<u><u>2.612.710.450</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé	16	145.000.000	113.845.100
Yfirverðsreikningur hlutafjár		4.362.423.164	2.166.278.584
Annað bundið eigið fé	16	14.606.137	0
Ójafnað eigið fé		(635.956.349)	(204.209.896)
Eigið fé	18	<u>3.886.072.952</u>	<u>2.075.913.788</u>
Skuldir			
Langtímalán	19	1.064.956.958	186.695.365
Langtímaskuldir		<u>1.064.956.958</u>	<u>186.695.365</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	66.503.873	107.215.645
Viðskiptaskuldir		624.608.042	222.889.434
Aðrar skammtímaskuldir		133.410.557	19.996.218
Skammtímaskuldir		<u>824.522.472</u>	<u>350.101.297</u>
Skuldir samtals		<u>1.889.479.430</u>	<u>536.796.662</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>5.775.552.382</u></u>	<u><u>2.612.710.450</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2022

		Skýr.	2022	Óendurskoðað 2021
Rekstrarhreyfingar				
Tap ársins	18	(	431.746.453)	(183.171.061)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	14		187.387.998	3.809.974
Áfallnar verðbætur og gengismunur langtímalána			97.321.918	7.316.459
Áhrif kaupréttasaminga	8		14.606.137	0
Frestaður tekjuskattur, breyting	20	(	158.740.964)	0
Veltufé til rekstrar		(	291.171.364)	(172.044.628)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Fóðurbirgðir, hækkun	10	(	3.919.126)	(27.853.210)
Lífmassi, hækkun	11	(	273.786.582)	(90.594.810)
Skammtímakröfur, hækkun		(	240.570.581)	(130.682.096)
Skammtímaskuldir, hækkun			515.132.947	171.292.453
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		(	3.143.342)	(77.837.663)
Handbært fé til rekstrar		(	294.314.706)	(249.882.291)
Fjárfestingarhreyfingar				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	14	(	2.209.165.274)	(190.581.414)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum í byggingingu	15	(	1.476.201.112)	(740.334.795)
Fjárfestingarhreyfingar		(	3.685.366.386)	(930.916.209)
Fjármögnunarhreyfingar				
Innborgað hlutfé	18		2.227.299.480	1.799.098.410
Tekin ný langtímalán			928.033.200	690.319.825
Afborganir langtímaskulda	17	(	187.805.297)	(3.200.000)
Skuldir við tengda aðila, breyting			0	(107.677.403)
Fjármögnunarhreyfingar			2.967.527.383	2.378.540.832
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(	1.012.153.709)	1.197.742.332
Handbært fé í årsbyrjun			1.200.805.967	3.063.635
Handbært fé í árslok			188.652.258	1.200.805.967
Fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa				
Skuldabréf með breytirétt		0	(	480.525.274)
Hlutfé hækkun		0		480.525.274

Skýringar

1. Félagið

Landeldi hf. („Félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Félagsgötu 3 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í eldi og ræktun laxfiska á landi auk heildverslun með fisk og fiskafurðir.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlaun tekna

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

5. Varanlegir rekstarfjármunir

Varanlegir rekstarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Rekstarfjármunir í byggingu eru færðir á sérstakan efnahagslið, rekstarfjármunir í byggingu. Þegar rekstarfjármunur er kominn í tekjuhæft ástand er hann endurflokkaður og færður á rekstarfjármuni.

Hagnaður af sölu rekstarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fastafjármunir	50 ár
Ker	25 ár
Áhöld og tæki	5-10 ár

6. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á meðalkostnaðarreglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Birgðir samanstanda af fiski, seiðum í eldi og fóðri.

7. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar

8. Kaupréttir

Kaupréttir sem veittir eru starfsmönnum eru gjaldfærðir og færðir í rekstarreikning yfir ávinnslutímabilið á gangvirði. Tekið er tillit til ávinnsluskilyrða kaupréttasamninga á hverjum reikningsskiladegi fyrir sig með því að leggja mat á áætlaða kauprétti við lok ávinnslutímans, því mun heildarfjárhæð gjaldfærslu yfir ávinnslutímabilið byggja á fjölda kaupréttasamninga sem sannarlega ávinnast. Við útreikning gangvirðis kaupréttasamninga er tekið tillit til brottfalls kaupréttasamninga. Aðeins er gjaldfært er eftir þeim ávinnsluskilyrðum sem hefur verið náð á hverjum reikningsskiladegi.

9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	Óendurskoðað 2021
Laun	346.869.713	76.945.197
Mótframlag í lífeyrissjóð	44.431.491	9.371.995
Önnur launatengd gjöld	73.419.742	17.954.886
Kaupréttasamningar	14.606.137	0
Heildarlaun samtals	479.327.083	104.272.078
Eignfærð laun	(108.984.308)	(35.435.590)
Eignfærð laun vegna lífmassa	(202.376.944)	(21.841.857)
Laun og launatengd gjöld samtals	167.965.831	46.994.631
Starfsmannafjöldi	26	14

10. Fóðurbirgðir

Fóður samanstanda af fóðri til fiskeldis. Fóðurbirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

Fóðurbirgðir greinist þannig:

	2022	Óendurskoðað 2021
Fóður, Öxnalækur	31.772.336	27.853.210
Fóður alls	31.772.336	27.853.210

11. Lífmassi

Lífmassi samanstanda af fiski, seiðum í eldi, fóðri og launum starfsmanna. Lífmassi er metinn á kostnaðarverði eða dagverði, hvoru sem lægra reynist.

Lífmassi greinist þannig:

	2022	Óendurskoðað 2021
Seiði í eldi, Öxnalækur	176.766.630	95.954.559
Fiskur í eldi, Þorlákshöfn	192.974.511	0
Lífmassi alls	369.741.141	95.954.559

12. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar á kostnaðarverði.

13. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum og markaðsverðbréfum sem bundin eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

Skýringar

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Þórlákshöfn eldisstöð	Öxnalækur eldisstöð	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 31.12.2021	0	283.924.263	50.940.631	334.864.894
Fært af rekstrarfjármunum í byggingu	385.874.399	0	73.200.385	459.074.784
Viðbót á árinu	1.519.784.501	61.206.078	628.174.695	2.209.165.274
Niðurlagt á árinu	0	0	(3.825.000)	(3.825.000)
Heildarverð 31.12.2022	1.905.658.900	345.130.341	748.490.711	2.999.279.952
Afskrifað samtals 1.1.2021	0	210.000	5.814	215.814
Afskriftir ársins	0	3.161.287	648.687	3.809.974
Afskrifað samtals 31.12.2021	0	3.371.287	654.501	4.025.788
Afskriftir færðar út við sölu	0	0	(3.825.000)	(3.825.000)
Afskriftir ársins	72.184.623	8.383.403	106.819.972	187.387.998
Afskrifað samtals 31.12.2022	72.184.623	11.754.690	103.649.473	187.588.786
Bókfært verð 31.12.2021	0	280.552.976	50.286.130	330.839.106
Bókfært verð 31.12.2022	1.833.474.277	333.375.651	644.841.238	2.811.691.166
Afskriftahlutföll	2-10%	2-10%	20%	

Fasteignamat

Fasteignamat greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Fasteignir	457.181.000	292.490.000	333.375.651
Samtals	457.181.000	292.490.000	333.375.651

15. Rekstrarfjármunir í byggingu

Rekstrarfjármunir í byggingu greinast þannig:

	Þórlákshöfn eldisstöð	Öxnalækur eldisstöð	Samtals
Heildarverð 31.12.2021.....	761.177.690	58.147.815	819.325.505
Færsla yfir í rekstrarfjármuna	(400.926.969)	(58.147.815)	(459.074.784)
Viðbót á árinu	1.463.896.816	12.304.296	1.476.201.112
Heildarverð 31.12.2022.....	1.824.147.537	12.304.296	1.836.451.833
Bókfært verð 31.12.2021.....	761.177.690	58.147.815	819.325.505
Bókfært verð 31.12.2022.....	1.824.147.537	12.304.296	1.836.451.833

Félagið vinnur að uppbyggingu á eldisstöð í Þórlákshöfn og því hefur afskrift ekki hafist. Aðrir rekstrarfjármunir í byggingu eru vegna þriggja samþykktu þróunarverkefna af Rannís í tengslum við eldistöðina á Þórlákshöfn.

16. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 145 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

Skýringar

17. Bundið eigið fé

Kostnaður vegna kaupréttar er færður á bundinn reikning meðal eigin fjár þar til kauprétturinn hefur verið nýttur eða hann feldur niður.

18. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Bundið eigið fé	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021.....	500.000	0	34.480.127 (	55.518.962) (	20.538.835)
Innborgað hlutfé	113.345.100	2.166.278.584			2.279.623.684
Tap ársins			(	183.171.061) (	183.171.061)
Leiðrétt frá fyrra ári		(	34.480.127)	34.480.127	0
Eigið fé 31.12.2021.....	113.845.100	2.166.278.584	0 (	204.209.896)	2.075.913.788
Innborgað hlutfé	31.154.900	2.196.144.580			2.227.299.480
Tap ársins			(	431.746.453) (	431.746.453)
Kaupréttasamningar			14.606.137	0	14.606.137
Eigið fé 31.12.2022.....	145.000.000	4.362.423.164	14.606.137 (	635.956.349)	3.886.072.952

Varasjóður kaupréttar

Nýtingarverð kaupréttar er í upphafi sett jafnt markaðsverði hlutabréfanna á þeim degi sem þeir voru veittir. Forsendur við reikningsaðferð greinast þannig:

	Kaupréttar-gengi á hlut	Meðal kaupréttar- gengi á hlut	Kaupréttar-hlutir	Samtals verðmæti kaupréttar
Kaupréttir veittir 2022	65,2-72,0	69,45	3.156.000	55.400.471

Félagið hefur veitt starfsmönnum sínum kauprétti. Ávinnslutímabil kaupréttanna eru þrjú ár, og þegar þeir eru gefnir út. Kaupréttirnir eru metnir með Black-Scholes aðferðinni. Forsendur sem notaðar eru við aðferðina eru meðal annars gangverð á verðmatsdegi, kaupréttarverðið, áætlað flökt, tímalengd kaupréttasamninga og áhættulausir vextir. Gangvirði kaupréttar eru gjaldfært meðal launa og launatengdra gjalda.

Skýringar

19. Langtímalán

	Óendurskoðað	
	2022	2021
Langtímalán greinast þannig:		
Verðtryggðar skuldir í ISK	127.327.022	217.111.010
Óverðtryggðar skuldir í ISK	95.133.809	76.800.000
Lán í erlendri mynt	909.000.000	0
Langtímalán samtals	1.131.460.831	293.911.010
Næsta árs afborganir langtímalána	(66.503.873)	(107.215.645)
Langtímalán samkvæmt efnahagsreikningi	1.064.956.958	186.695.365

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

Afborganir árið 2023/2022	66.503.873	107.215.645
Afborganir árið 2024/2023	985.524.412	118.185.081
Afborganir árið 2025/2024	35.470.229	54.477.620
Afborganir árið 2026/2025	21.002.402	14.032.664
Afborganir árið 2027/2026	8.600.258	0
Síðar	14.359.657	0
Afborganir langtímalána samtals	1.131.460.831	293.911.010

20. Skatteign

Skatteign greinist þannig:	2022	
Skatteign vegna fyrri ára færð í rekstrarreikning	(40.647.180)	
Reiknaður tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(118.093.783)	
Skatteign í árslok	(158.740.963)	

Skatteign skiptist þannig í árslok:

Rekstarfjármunir	11.074.513
Frestaður gengismunur	860.661
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(170.676.137)
Skatteign í árslok	(158.740.963)

21. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2022 nam 793,7 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2022 er nýtanlegt sem hér segir:

	Óendurskoðað	
	2022	2021
Skattalegt tap ársins 2017	130.800	130.800
Skattalegt tap ársins 2018	1.841.803	1.841.803
Skattalegt tap ársins 2019	2.028.902	2.028.902
Skattalegt tap ársins 2020	16.769.016	16.769.016
Skattalegt tap ársins 2021	186.529.348	186.529.348
Skattalegt tap ársins 2022	586.404.949	0
Ójafnað skattalegt tap samtals	793.704.818	207.299.869

Skýringar

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. Móðurfélag, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Engar stöður voru við tengda aðila í árslok 2022.

Viðskipti við tengda aðila árið 2021	Óendurskoðað Kröfur	Skuldir
Halldór Ólafur Halldórsson		64.120
Haraldur Tryggvi Snorrason	607.781	
Ingólfur Snorrason		617.945
Ingí Karl Ingólfsson	52.303	
Investco ehf.		1.346.557
	660.084	2.028.622